

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1615  
komudagur 16.3.2007

Mars 2007, Reykjavík

### Umsögn Fríkirkjunnar í Reykjavík

**Um frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.**

**Þskj. 645 — 466. mál.**

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

Hin Evangelíska Lúterska Fríkirkja í Reykjavík mótmælir þeirri lagasetningu sem hér er fyrirhuguð. Fríkirkjan í Reykjavík mótmælir nú sem fyrr því ranglæti og þeirri mismunun sem felst í aðskilnaðarferli ríkis og kirkju er ríkið greiðir “kirkjulegan arf kynslóðanna” einungis til eins trúfélags af mörgum. Þannig er öðrum kristnum trúfélögum sem standa á evangelísk- lúterskum trúargrunni og ættu því að njóta sömu sérstöðu og þjóðkirkjan samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins, verulega mismunað.

Fríkirkjan hefur bæði mótmælt lögunum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 26. maí 1997 sem og samkomulaginu milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar sem undirritað var 20. október 2006 af hálfu biskups Íslands, dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra, um að íslenska ríkið afhendi þjóðkirkjunni til eignar prestssetur eins og nánar greinir í samkomulaginu og greiði þar að auki nokkuð aukið árlegt framlag til hennar. Hvort tveggja stríðir gegn almennum hugmyndum um trúfélagafrelsi og jafnræði og á því ekki heima í nútíma lýðræðis samfélagi.

Lagafrumvarpið stríðir gegn tveim eftirfarandi mikilvægum forsendum trú- og trúfélagafrelsis;

- a. Að opinberum gjöldum einstaklinga sé hvorki með beinum eða óbeinum hætti ráðstafað til eflingar trúfélaga sem viðkomandi á ekki aðild að.
- b. Að trúfélögum sé ekki mismunað með mismunandi fjárveitingum eða fjárhagslegri fyrirgreiðslu frá hinu opinbera.

Í því hægfara en vandrataða ferli sem felst í því að greina á milli ríkis og þjóðkirkjustofnunarinnar (ríkiskirkjunnar) annarsvegar og hinsvegar að koma á raunverulegu trúfélagafrelsi á Íslandi virðist sem að af hálfu ríkisins hafi aðeins verið gert ráð fyrir einu kristnu trúfélagi í landinu. En staðreyndin er sú að þau eru fleiri en eitt og eru reyndar nokkuð mörg. Mismununin á milli þeirra hefur verulega aukist í þessu ferli.

Í ljósi þess að undanfarin ár hefur hlutfallslega verulega fækkað í þjóðkirkjunni og fjölgað í öðrum kristnum sem og öðrum trúfélögum þá stuðlar umrætt lagafrumvarp að verulegri mismunun í íslensku samfélagi. Yfir 50.000 íslendinga kjósa nú að standa utan við þjóðkirkjustofnunina og í þeim hópi fjölgar verulega ár frá ári. Það er ekki hlutverk löggjafans í íslenskri stjórnskipan að stuðla að eða auka samfélagslega mismunun heldur að stuðla að jafnræði og lýðræðislegu fyrirkomulagi mála.

Það samræmist heldur ekki evangelískum lúterskum kirkjuskilningi að eitt trúfélag af mörgum krefjist kirkjusögulegs arfs meðlima annarra trúfélaga sem eru af sama meiði.

Við Íslendingar kennum einmitt okkar kirkjusið frá miðri 16.öld, við þann Marteín Lúter sem mótmælti harðlega kirkjulegri mismunun og öllum þeim kirkjustofnunum sem leituðust við að drottna yfir öðrum. Hann beitti sér fyrir lýðræði og jafnræði á hinu trúarlega sviði.

Hin Evangelíska Lúterska Fríkirkja í Reykjavík hefur nú starfað hátt í fjórðung þess tíma sem lúterskur siður hefur verið hér á landi og með lagafrumvarpi þessu er henni verulega mismunað.

**Virðingarfyllt,**

**Hjörtur Magni Jóhannsson**  
**Prestur og forstöðumaður Fríkirkjunnar í Reykjavík**